

18. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐI UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

BORGARNESI, FIMMTUDAGINN 18. NÓVEMBER 2021 KL. 15:00

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd og fagráði Uppbyggingarsjóðs, fimmtudaginn 18. nóvember kl. 15:00 í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Mætt voru:

Úthlutunarnefnd: Helena Guttormsdóttir formaður stjórnar, Jónína Erna Arnardóttir. Sigríður Finsen og Kristján Sturluson sem var með í gegnum fjarfundabúnað. Brynjar Sigurðsson boðaði forföll.

Fagráð: Guðsteinn Einarsson, Trausti Gylfason og Nanna Guðmundsdóttir. Elva Ösp Magnúsdóttir og Ingunn Stefánsdóttir voru með í gegnum fjarfundabúnað. Sædís Alexía Sigmundsdóttir boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Páll Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. FUNDARSETNING

Páll Brynjarsson bauð fundargesti velkomna og fór yfir dagskrá fundarins ásamt því að biðja alla fundargesti að kynna sig.

2. KOSNING FORMANNA ÚTHLUTUNARNEFNDAR OG FAGRÁÐS

Páll sagði frá því að stjórn SSV samþykkti á fundi sínum þann 28. september sl, hverjir sætu í stjórn Uppbyggingarsjóðs (úthlutunarnefnd) og fagráði til næstu tveggja ára. Úthlutunarnefnd er óbreytt en tveir breytingar urðu í Fagráði. Við bjóðum Nönnu Guðmundsdóttur og Sædísí Alexíu Sigmundsdóttur velkomnar í hópinn og þökkum Ragnheiði Valdimarsdóttur og Arnari Sæmundssyni fyrir þeirra störf undanfarin ár.

Páll lagði til að Helena Guttormsdóttir yrði formaður úthlutunarnefndar og var það samþykkt samhljóða.

Þá lagði Páll til að Elva Ösp Magnúsdóttir yrði formaður fagráðs og var það samþykkt samhljóða.

3. SKIPULAG Á YFIRLESTRI UMSÓKNA

Þá bað Páll Svölu að fara yfir öll praktísk atriði svo sem fjölda umsókna sem bárust, skipulag, uppfærðar verklagsreglur, vinnureglur nefndarmanna og fleira.

Svala gerði grein fyrir fjölda umsókna um styrki til Uppbyggingarsjóðs fyrir úthlutun í janúar 2022. Alls bárust 127 umsóknir, 29 umsóknir voru atvinnu- og nýsköpunarverkefni, 84 umsóknir voru menningarverkefni, 14 umsóknir voru stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála. Svala fór einnig yfir vinnuskjal umsókna, stigagjöf og matsblað sem allir fá sent að fundi loknum.

Rætt var um vinnulag við yfirferð umsókna í fagráði. Ákveðið að nota sama verklag og var tekið upp 2019. Það er á þann veg að umsóknum í menningarhlutanum er skipt niður í 6 flokka og í hverjum flokki eru um 10-15 umsóknir. Í hverjum flokki er fyrsti lesari og annar lesari. Hver fulltrúi í fagráði er fyrsti lesari yfir einum flokk og annar lesari í öðrum flokki. Þá lesa fulltrúar umsóknirnar í sínum flokkum og rýna í þær jafn vel hvort sem þeir eru fyrsti eða annar lesari. Á lokafundi fagráðs kynni fyrsti lesari umsóknirnar í sínum flokki og annar lesari getur þá bætt við ef þess gerist þörf. Ákveðið að óbreytt verklag sé á umsóknum í atvinnu- og nýsköpunarhlutanum sem og stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála hlutanum en þá lesa allir fulltrúar vel yfir allar umsóknir. Ákveðið að Svala útbúi reiti í vinnuskjali umsókna fyrir skiptinguna. Elva stýrir framhaldinu og skiptir á milli nefndarmanna í fagráði. Þrátt fyrir þessa skiptingu þurfa allir í fagráði að lesa yfir og meta allar umsóknir í menningarhluta en bera ábyrgð á að kynna umsóknirnar í sínum flokki og bera upp fyrstu tillögu að styrkveitingu til þeirra.

Helena formaður úthlutunarnefndar óskaði eftir að fá að vera með á fagráðsfundi til að hlusta eins og hún fékk að gera 2020 til að þekkja umræðuna sem leiðir að tillögu fagráðs til úthlutunarnefndar. Ákveðið að Helena verði með á fundi fagráðs.

4. VERKLAGSREGLUR OFL.

Páll stýrði yfirferð á uppfærðum úthlutunarreglum sem voru samþykktar voru af stjórn SSV 28. september sl. og þá aðallega farið yfir þær breytingar sem urðu á reglunum.

Páll vék af fundi og Svala tók við stjórn fundarins

Þá fór Helga atvinnuráðgjafi yfir leiðbeinandi vinnureglur fyrir nefndarfolk í fagráði og úthlutunarnefnd en Helga stýrði vinnu við að útbúa þær ásamt úthlutunarnefnd og starfsfólki SSV fyrr á árinu.

5. TÍMAPLAN

Rætt um tímasetningar á fundum fagráðs, úthlutunarnefndar og úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Ákveðið var:

Fundur hjá fagráði verður 6. desember kl. 13:00

Fundur hjá úthlutunarnefnd verður 13. desember kl. 13:00

Úthlutunarhátíð er áætluð í janúar

Svala sér um að boða fundina.

Rætt var um hvort fundirnir ættu að vera á Teams eða í fundarsal og kom fram að fundarmenn voru mjög ánægðir með hvernig gekk á fundum vegna úthlutunar 2021 sem fóru fram á Teams. Ákveðið að fagråd annars vegar og úthlutunarnefnd hins vegar ákveði með hvaða formi þeirra fundir fara fram.

Rætt var um úthlutunarhátíð og staðsetningu hennar. Fram kom að mikil ánægja var með úthlutunarhátíðina í janúar 2021 sem var rafræn vegna Covid. Það kom fram að mikilvægt væri að hafa hana aftur á netinu þó svo að það yrði einnig formleg athöfn þar sem styrkhöfum er boðið og afhentir styrkir. Rafræna hátíðin hafði mikið kynningargildi og tókst gríðarlega vel. Ákveðið að starfsfólk SSV myndi skipuleggja úthlutunarhátíð í samráði við Helenu formann úthlutunarnefndar og ákveða með hvaða hætti hún yrði, staðsetningu og nákvæma tímasetningu.

6. SKIPTING FJÁRMUNA

Á Haustþingi SSV 2021 var samþykkt að nýta 60 m.kr. af fjárveitingu til Sóknaráætlunar Vesturlands til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Sjóðurinn hefur því 60 m.kr. til úthlutunar á árinu 2022.

Ákveðið hefur verið að fjármagninu á árinu 2022 verði skipt með óbreyttum hætti, þ.e. 31 m.kr. fari til menningarstyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja menningarverkefna og 29 m.kr. fari til atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

7. ÖNNUR MÁL

Þegar dagskrá var tæmd var orðið gefið laust.

Helena ræddi um kynningu á Sóknaráætlun almennt og hvatti til að farið yrði í átak í því að kynna Sóknaráætlun Vesturlands og Uppbyggingarsjóðinn.

Góðar umræður urðu um Sóknaráætlun, kynningarmál og vinnuferla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.